

Miðvikudaginn 23. júní 1976.

Nr. 196/1974. Landsbanki Íslands, útibúið á Ísafirði,
(Bragi Björnsson hdl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Ólafur Stefánsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjóns-
son, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Abyrgð ríkissjóðs vegna mistaka við afsagnargerð vixla.

Dómur Hæstarétts.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 2. október 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. september s. á. Útivistardómur gekk í því máli 1. nóvember s. á. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 12. nóvember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 1.503.960 krónur með 7% ársvöxtum af 1.500.000 krónum frá 5. júní 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða 501.380 krónur með 7% ársvöxtum af 500.000 krónum frá 5. júní 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara krefst hann þess, að honum verði aðeins gert að greiða 1.002.580 krónur með 7% ársvöxtum af 1.000.000 krónum frá 5. júní 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Afsagnargerðir samkvæmt lögum nr. 93/1933 verða ekki taldar til dómaraverka í skilningi 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936. Stóð síðastnefnt lagaákvæði ekki í vegi fyrir því,

beint eða fyrir lögjöfnun, að mál þetta mætti höfða fyrir héraðsdómi.

Starfsmönnum áfrýjanda, sem er bankastofnun, átti ekki að dyljast mistök þau, sem urðu við afsögn víxla þeirra, sem í málinu greinir, en hafist var handa um málssókn til heimtu þeirra með stefnu 11. júní 1969. Útgáfudagur samkvæmt víxlunum var 20. júlí 1968. Var nægur tími til að sýna víxlana til greiðslu og láta afsegja þá að nýju innan þess frests, sem greindur er í 1. mgr. 34. gr. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1968. Áfrýjanda var þannig í lófa lagið að halda við víxilrétti sínum á hendur víxilskuldurum þrátt fyrir mistök þau, sem urðu við afsögn víxlanna. Enn fremur er á það að líta, að áfrýjandi, er glataði víxilrétti á hendur útgefanda og framseljendum umræddra víxla, hefur eigi sýnt fram á, að hann hafi reynt að hafa uppi kröfur á hendur víxilskuldurum nema í víxilmálinu á hendur þeim.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. mars 1974.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. nóvember 1971.

Stefnandi málsins er Landsbanki Íslands, útibúið á Ísafirði.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.503.960 með 12% ársvöxtum af kr. 1.500.000 frá 5. júní 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru nú þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að mati réttarins, en til vara, að hann

verði einungis dæmdur til að greiða kr. 501.380 með 7% ársvöxtum frá 5. júní 1969 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi gerir þá kröfu til þrautavara, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða kr. 1.002.580 með 7% ársvöxtum frá 5. júní 1969 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Enn til vara er þess krafist af stefnda, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar að mati dómsins. Að því er varðar allar varakröfurnar er þess krafist af stefnda hálfu, að málskostnaður falli niður í þeim tilvikum.

Ítrekaðar sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Af hálfu stefnanda er skýrt svo frá málavöxtum, að á hlut-hafafundi í Fjöliðjunni h/f, Ísafirði, sem haldinn var 30. september 1962, hafi verið ákveðið, að hluthafar gengju í ábyrgð fyrir félagið fyrir rekstrarláni að fjárhæð kr. 500.000 við Landsbanka Íslands á Ísafirði. Tilfni þessa hafi verið, að Landsbankinn á Ísafirði hafði óskað þess við félagið, að trygging yrði sett fyrir yfirdráttarláni félagsins við bankann. Í framhaldi af þessu hafi víxill að fjárhæð kr. 500.000 verið gefinn út. Víxill þessi hafi verið sýningarvíxill. Ekki sé ljóst, hvenær útgefandi og ábekingar rituðu nöfn sín á víxlinn, en líklegast sé, að þær áritanir hafi farið fram á árinu 1962 eða 1963. Á skjali, sem bankinn haldi yfir handveð sín, sé getið um þennan víxil með dagsetningunni 13. júlí 1973 og hafi þáverandi útíbússtjóri á Ísafirði, Einar B. Ingvarsson, og fleiri talið það vera þann dag, sem víxillinn var afhentur bankanum. Víxillinn hafi ekki borið útgáfudag, þegar hann var afhentur bankanum til tryggingar, en Einar B. Ingvarsson hafi síðar sett útgáfudag á víxlinn og hafi ástæðan verið sú, að Fjöliðjan h/f á Ísafirði hafi á þeim tíma verið hætt starfsemi sinni, þ. e. hinn 20. júlí 1968. Síðar eða í síðasta lagi á árinu 1966 hafi verið gefinn út annar víxill að fjárhæð kr. 1.000.000. Hafi hann verið samþykktur, útgefinn og ábakinn af sömu aðiljum og fyrri víxillinn. Á áðurgreindu skjali um handveðssetningar bankans sé þessa víxils getið og við hann skráð dagsetningin 14. mars 1966. Sé það álit Einars B. Ingvarssonar, að síðastgreind dagsetning sé miðuð við það, þegar víxill þessi var afhentur bankanum. Enginn útgáfudagur hafi verið á síðari víxlinum, þegar hann var afhentur bankanum, en Einar B. Ingvarsson kannist við að hafa fært útgáfudaginn 20. júlí 1966 á víxlinn. Þessi víxill hafi einnig verið sýningarvíxill. Því er

haldið fram af stefnanda, að seinni víxillinn hafi orðið til af þeim sökum, að skuldir Fjöliðjunnar h/f á Ísafirði við bankann hafi aukist vegna aukinna umsvifa fyrirtækisins. Einar B. Ingvarsson hafi þá gert þær kröfur á hendur Fjöliðjunni h/f, að ábyrgðarfjárhæðir yrðu hækkaðar af þessu tilefni og hafi Einar sett þessa ósk fram við bróður sinn, Ingvar S. Ingvarsson, starfsmann Fjöliðjunnar h/f.

Á fyrri hluta árs 1968 hafi stefnandi ákveðið að nota sér framangreindar ábyrgðir og hafi ábyrgðarmönnum verið tilkynnt, að þeir yrðu að standa bankanum skil á fjárhæðum víxlanna, samtals kr. 1.500.000, en Fjöliðjan h/f hafi þá verið hætt störfum og skuldað stefnanda stórfé og hafi félagið verið komið í algert greiðslubrot. Ábyrgðarmenn hafi mótmælt því, að ábyrgðarskuldin væri hærri en kr. 1.000.000, þar sem stefnandi hafi á sínum tíma átt að skila lægri víxlinum, þegar síðari víxillinn var afhentur. Á þessa skoðun hafi bankinn ekki getað fallist. Hafi ábyrgðarmönnum verið gefinn kostur á að greiða kr. 1.500.000 með gjaldfresti, en þeir hafi verið ófáanlegir til að greiða meira en kr. 1.000.000. Þegar útséð hafi verið um, að ábyrgðarmenn fengjust ekki til að greiða báða víxlana, hafi víxlarnir verið afhentir til afsagnar.

Báðir ofangreindir víxlar voru samþykktir af Hans W. Haraldssyni pr. pr. Fjöliðjan h/f, en útgefandi á báðum víxlunum var Sigurlaug M. Jónsdóttir, Hraunbæ 88, Reykjavík. Ábekingar á víxlunum voru Skúli Steinsson, Heiðargerði 19, Reykjavík, Páll Guðfinnsson, Aðalstræti 37, Patreksfirði, Marsellíus Bernharðsson, Austurvegi 7, Ísafirði, og Jón F. Einarsson, Völusteinsstræti 16, Bolungarvík.

Í júnímánuði 1969 höfðaði stefnandi mál fyrir bæjarþingi Ísafjarðar á hendur útgefanda víxlanna og ábekingum, en Fjöliðjunni h/f var ekki stefnt í því máli, þar sem bú félagsins hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Voru kröfur stefnanda þær í máli þessu, að allir hinir stefndu yrðu dæmdir in solidum til að greiða kr. 1.500.000, kr. 3.960 í afsagnar- og stimpilkostnað auk vaxta og málskostnaðar. Hinn 13. janúar 1970 var málið flutt úr bæjarþingi Ísafjarðar yfir á bæjarþing Reykjavíkur. Undir rekstri málsins var fallið frá kröfum á hendur útgefanda, Sigurlaugu M. Jónsdóttur. Hinn 18. mars kvað Stefán Már Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, upp dóm í málinu með svofelldu dómsorði: „Stefndu, Skúli Steinsson, Páll Guðfinnsson, Marsellíus Bernharðsson og Jón F. Einarsson, greiði in solidum stefnanda,

Landsbanka Íslands, útibúi á Ísafirði, kr. 1.500.000.00 með 1% vanskilavöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 3.960.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og málskostnað kr. 140.000.00“.

Ofangreindum dómi var áfrýjað, og gekk dómur í Hæstarétti hinn 7. júní 1971. Í forsendum meiri hluta dómenda Hæstaréttar segir m. a.:

„Á 500.000 króna víxilinn hefur bæjarfógetinn á Ísafirði ritað: „Afsagður sökum greiðslufalls hinn 5. 4. 1969 kl. 1600. Notarius Publicus Björgvin Bjarnason“. Í viðfestri afsagnargerð víxils þessa segir, að hún hafi farið fram: „Ár 1969 5. 6. kl. 1600“ ... „í afgreiðslu“ ... Landsbanka Íslands, Ísafirði, „en samþykkjandi var þar ekki staddur eða neinn, er vildi innleysa víxilinn“.

Á 1.000.000 króna víxilinn hefur bæjarfógetinn ritað: „Afsagður sökum greiðslufalls hinn 5. 4. 1969 kl. 1600. Notarius Publicus Björgvin Bjarnason“. Í viðfestri afsagnargerð segir, að hún hafi farið fram: „Ár 1969 5. 4. kl. 1600“ ... „í afgreiðslu“ ... Landsbanka Íslands, Ísafirði, „en samþykkjandi var þar ekki staddur eða neinn, er vildi innleysa víxilinn“.

Samkvæmt vottorði frá Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði 10. marz 1971 var útibúið „lokað 5. apríl 1969, og fóru því engar afgreiðslur fram þann dag“.

Í málinu hefur bæjarfógetinn á Ísafirði gefið svofellt vottorð 10. marz 1971: „Samkvæmt beiðni Landsbanka Íslands vottast hér með, að víxill, kr. 1.000.000.00, ein milljón krónur, útgefinn af Sigurlaugu Jónsdóttur 20. júlí 1968, samþykktur til greiðslu af Fjöliðjunni h.f. við sýningu og ábakinn af útgefanda, var afsagður 5. 6. 1969, og er um ritvillu að ræða í afsagnargerðinni. Átti að vera 5. 6. 1969 í stað 5. 4. 1969. Ennfremur vottast, að skrifstofa embættisins var lokað laugardaginn 5. 4. 1969, og fór engin afsagnargerð fram þann dag“.

Hinn 10. marz 1971 hefur Landsbankaútibúið gefið svohljóðandi vottorð: „Það staðfestist hérmeð, að samkvæmt bókum útibúsins 5. júní 1969 eru bókfærðar greiðslur til bæjarfógetaembættisins, Ísafirði, kr. 360 vegna afsagnar tveggja tryggingarvíxla frá Fjöliðjunni h.f., beggja útgefinna 20. júlí 1969, kr. 500 þúsund og kr. ein milljón“.

Þá hefur ríkisendurskoðunin hinn 10. marz 1971 gefið eftirfarandi vottorð: „Samkvæmt beiðni yðar staðfestist hér með, að í aukatekjubók fyrir sýslumannsembættið á Ísafirði er skráð 5. júní 1969:

Landsbankinn. Afs. víxill 500.000.00 160.00.

Landsbankinn. Afs. víxill 1.000.000.00 160.00“.

Í vottorði bæjarfógetans á Ísafirði 24. maí 1971 segir:

„Engin notarialbók er haldin, en afrit af hverri afsagnargerð er geymt í réttri tímaröð“.

Það athugast, að laugardaginn 4. apríl 1969 voru bankastofnanir almennt lokaðar, og urðu afsagnargerðir eigi framkvæmdar að lögum þann dag, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 25/1968 um breyting á víxillögum nr. 93/1933.

Afsagnargerð hvorugs víxils þess, sem í málinu greinir, er þannig úr garði gerð, að hún fullnægi ákvæðum 91.—93. gr. víxillaga nr. 93/1933, enda verður eigi af afsagnargerðunum einum saman ráðið, að þær hafi verið framkvæmdar að lögum, sbr. lög nr. 25/1968, og ekki verður bætt úr ágöllum á þeim með skýrslum og sönnunargögnum, sem síðar er aflað. Verða nefndar réttarathafnir bæjarfógetans því eigi taldar hafa réttarverkanir lög-mætra afsagnargerða. Leiðir af þessu, að stefndi hefur glatað víxilrétti sínum á hendur ábekingum áminnztra víxla, áfrýjendum máls þessa, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Ber af þessum sökum að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður“.

Stefnandi heldur því fram, að ljóst sé af framangreindum dómi Hæstaréttar, að hann hafi glatað víxilrétti sínum á hendur ábekingum og útgefanda ofangreindra víxla vegna mistaka bæjarfógetans á Ísafirði við framkvæmd afsagnargerðanna, enda hafi öll framkvæmd afsagnargerðanna verið löglaus, sbr. 91.—93. gr. víxillaganna, og beri ríkissjóður því fulla skaðabótaábyrgð vegna þessara mistaka bæjarfógetans. Hefur stefnandi höfðað mál þetta á hendur ríkissjóði með kröfum um, að ríkissjóður bæti honum að fullu andvirði víxlanna ásamt afsagnar- og stimpilkostnaði.

Stefnandi hefur mótmælt öllum varnarástæðum stefnda sem röngum og ósönnuðum. Leggur stefnandi áherslu á, að Einari B. Ingvarssyni hafi alls ekki verið kunnugt um skilyrði þau, sem ábekingar telji sig hafa sett fyrir ábyrgðum sínum. Þá bendir stefnandi á, að báðir víxlarnir hafi verið færðir inn á sérstaka veðskrá, sem megi líta á sem opinbert skjal skv. 158. gr. einkamálalaga. Báðir víxlarnir hafi verið blanco-víxlar og hafi Einar B. Ingvarsson útfyllt þá eins og um var samið. Ekki sé vafamál, að hann hafi verið í góðri trú, bæði þegar hann tók við þeim og skráði útgáfudaginn.

III.

Við hinn munnlega málflutning studdi stefndi sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að Einar B. Ingvarsson hafi ekki haft heimild til að skrá útgáfudaginn 20. júlí 1968 á víxlana, þar sem einsýnt sé, að ábekingar og útgefandi ætluðust til þess, að útgáfudagur yrði settur á víxlana strax við afhendingu, en ekki mörgum árum síðar. Ástæðan fyrir því, að víxlarnir voru afhentir, án þess að útgáfudagur væri á þeim, muni hafa verið sú, að þeir, sem rituðu nöfn sín á víxlana, hafi ekki átt heima á sama stað, og nokkurn tíma virðist hafa tekið að fá nafnritanir þeirra allra á víxlana. Hafi því ekki verið óeðlilegt, að beðið væri með að setja útgáfudag á þá, þar til þeir yrðu afhentir bankanum. Handhafi víxilréttar hafi að vísu samkvæmt álitu fræðimanna heimild til að fylla í eyður víxils, en umboð hans til útfyllinga takmarkist af því, sem um var samið eða gert var ráð fyrir í upphafi. Þegar athugaðar séu ástæður þær, sem lágu til þess, að útgáfudagurinn var ekki á víxlinum í upphafi, verður ljóst, að heimild bankans hafi verið bundin við það að setja á víxlana sem útgáfudag, sem bankinn veitti víxlunum viðtöku, og verði þetta enn ljósara, þegar það er haft í huga, að víxlar eru mjög tímabundin skjöl. Samkvæmt 34. gr. víxillaga skuli sýningarvixill sýndur til greiðslu, áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans. Þegar víxlarnir voru afhentir til afsagnar, hafi verið liðið mun lengra en eitt ár frá útgáfudegi þeirra. Telja verði, að eins árs frestur 34. gr. víxillaganna miðist við raunverulegan útgáfudag víxilsins, enda sé tilgangur greinarinnar sá að koma í veg fyrir, að skuldarar sýningarvixla verði dregnir til víxilábyrgðar löngu eftir að þeir gengu í ábyrgð sína, enda mundi annar skilningur leiða til þess, að kröfuhafi samkvæmt sýningarvixli, sem útgáfudag vantar á, ætti kröfu á hendur útgefanda og ábekingum, sem væri ófyrnanleg, uns útgáfudagur væri færður á víxilinn. Stefnandi hafi þannig verið búinn að missa kröfu sína á víxilskuldarana, þegar bæjarfógetanum á Ísafirði urðu á mistökin við afsögnina 5. júní 1969.

Verði ekki á þessar röksemdir fallist, þá telur stefndi, að mistök bæjarfógetans hafi einungis leitt til þess, að stefnandi hafi misst víxilrétt á hendur ábekingunum, en ekki kröfur þær, sem bankinn átti á ábekingana vegna lögskipta þeirra, sem lágu að baki víxlanna. Stefnandi hafi því engar kröfur misst við mistökin og ekki orðið fyrir neinu tjóni. Skírskotar stefndi í því sambandi til þess, að bankinn hafi óskað eftir, að hluthafar gengju í ábyrgð

fyrir láni félagsins, og hafi það leitt til þess, að málið var tekið fyrir á hluthafafundi félagsins 30. sept. 1962 og þá samþykkt: „Að hluthafar gangi í ábyrgð fyrir félagið fyrir kr. 500.000 rekstrarláni við Landsbanka Íslands, Ísafirði. Ábyrgðin er solidarísk gagnvart bankanum, en ef einhvern tíma kann að koma til greiðslu hennar, skuldbinda hluthafar sig til að skipta greiðslu hennar á milli sín í hlutfalli við hlutfjáreign sína í félaginu“. Um aðdraganda þess, að síðari víxillinn var gefinn út og ábakinn, séu að vísu ekki fyrir hendi eins glöggar upplýsingar, en gera verði ráð fyrir, að ástæðan hafi verið sú, að bankinn hafi mælst til aukinnar ábyrgðar hluthafa. Á grundvelli þessa samkomulags hafi síðari víxillinn síðar verið gefinn út og ábakinn. Bak við áritanir ábekinganna á víxlana hafi því legið ábyrgð hluthafanna á yfirdrætti Fjöliðjunnar í bankanum. Sú ábyrgð hafi hvorki fallið niður við það, að hluthafarnir tóku á sig víxilskuldbindingar gagnvart bankanum, né við það, að víxilrétturinn féll niður.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að ákvæði 74. gr. víxilaganna leiði til sömu niðurstöðu. Í því lagaákvæði sé auðgunarregla þess efnis, að hafi víxilkrafa fyrnst eða víxilréttur glatast fyrir vangeymslu, sé eiganda víxils rétt að sækja víxilskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld. Nú hafi Fjöliðjan h/f verið gjaldþrota og hafi endurkröfuréttur hinna víxilskuldaranna á hendur Fjöliðjunni h/f sem samþykkjanda því verið einskis virði. Víxilskuldbinding þeirra hafi því verið raunveruleg skuld hjá þeim.

Þá er sýknukrafa stefnda studd þeim rökum, að afsagnir víxla séu dæmigerð þjónustustarfsemi, sem framkvæmd sé í þágu þess, er um þær biður, gegn mjög vægu gjaldi. Þannig hafi kostnaður við afsögn beggja víxlanna einungis numið kr. 360. Sé það endurgjald í engu samræmi við áhættu þá, sem fylgja mundi fébótaábyrgð ríkissjóðs af mistökum við víxilafsagnir, einkum þegar litið sé til þess, hve smávægileg mistök geti haft víðtækar afleiðingar. Efnisrök liggi því ekki til að leggja á ríkið fébótaábyrgð vegna mistaka bæjarfógetans. Að minnsta kosti ættu þessi sjónarmið að leiða til þess, að annað og vægara gáleysismat ætti að gilda, þegar meta skal sök bæjarfógetans í málinu.

Sýknukrafa stefnda er einnig studd þeim rökum, að ábyrgð ríkissjóðs sé einungis til vara. Komi þar sterklega til greina að beita 100. gr. skiptalaganna nr. 3/1878 með lögjöfnun um tjón, sem hlýst af afsagnarmistökum. Hvarvetna á landinu séu það

sömu mennirnir, sem gegna störfum skiptaráðanda og notarii publici, og sé tæpast ástæða til að láta mismunandi ábyrgðarreglur að þessu leyti gilda um hin ýmsu störf þeirra. Í þessu efni beri og að hafa í huga, að bæjarfógetinn á Ísafirði fái aukatekjur samkvæmt 25. gr. laga nr. 92/1955, sem m. a. séu ætlaðar að vera áhættufé vegna mistaka í embættisfærslu hans og sé fjórðungur þessara aukatekna skattfrjáls af þeim sökum.

Stefndi krefst einnig sýknu vegna þess, að starfsmenn stefnanda eigi alla sök á því, að víxilrétturinn glataðist vegna afsagnarmistakanna. Á þessum mistökum starfsmanna sinna beri stefnandi ábyrgð. Báðir notarialvottarnir hafi verið starfsmenn stefnanda, þeir Sigurður Jóhannes Jóhannesson, þáverandi bankaritari, og Hafsteinn Ormar Hannesson, þáverandi bankafulltrúi. Eitt meginatriði afsagnargerða sé dagsetning þeirra vegna hinna ströngu formreglna víxillaganna. Hafi notarialvottarnir því fyrst og fremst átt að aðgæta, hvort rétt dagsetning væri á afsagnargerðunum, ekki síst, þar sem þeir voru báðir vanir bankamenn. En þetta hafi ekki verið einu mistök starfsmanna stefnanda. Eftir afsagnarmistökin, sem urðu 5. júní 1969, hafi víxlarnir legið í vörslum bankans og hafi mátt afsegja þá á ný allt til 20. júlí 1969. Þegar það sé einnig virt, að víxlarnir og afsagnargerðirnar voru komnar í hendur lögfræðings bankans fyrir 11. júlí 1969 og málsókn hafin út af þeim, áður en sýningarfresti lauk, megi ljóst vera, að þau mistök innheimtumanna bankans að gæta ekki að afsagnardeginum hafi verið það stórfelld, að stefnandi verði sjálfur að bera tjón sitt.

Sýknukrafa stefnda er einnig studd þeim rökum, að víxlarnir hafi í reynd aldrei verið sýndir til greiðslu. Stefnandi hafi því þegar af þeirri ástæðu misst víxilkröfu sína á hendur útgefanda og ábekingum skv. 53. gr. víxillaganna og hafi því ekki beðið tjón við afsagnarmistökin. Viðurkennt sé, að engin tilkynning hafi verið send víxilskuldurunum, áður en afsagnargerðin fór fram. Ærið tilefni hafi þó verið til þess. Ekki síst vegna þess, hve mörg ár voru liðin frá því, að víxlarnir voru áritaðir. Jafnvel þó litið væri svo á, að slík tilkynning væri ekki lögskyld, sé þó vafamál, hvort víxlarnir hafi verið sýndir svo sem 34. gr. víxillaganna áskilur.

Loks er sýknukrafan á því byggð, að Einar B. Ingvarsson útibússtjóri hafi sýnt slíka háttsemi við að fá nafnritanir víxilskuldaranna á síðari víxilin og meðferð hans á fyrri víxlinum hafi verið slík, að bankinn hafi verið búinn að missa kröfu sína

á víxilskuldara á grundvelli 30. eða a. m. k. 32. gr. laga nr. 7/1936 og hafi því ekki beðið tjón við afsagnarmistökin.

Varakrafa stefnda sé því byggð á, að það hafi verið skilyrði eða a. m. k. veruleg forsenda fyrir nafnritun víxilskuldaranna á síðari víxlinum, að hinn fyrri gengi til baka eða yrði eyðilagður. Þessi forsenda hafi brugðist og leiði almennar reglur samningaréttar um forsendubrest til þess, að krafa stefnanda samkvæmt síðari víxlinum á hendur ábekingum hafi fallið niður, þegar áður en afsagnarmistökin urðu. Tjón bankans vegna mistaka bæjarfógetans takmarkist því við fjárhæð fyrri víxilsins að viðbættum kostnaði við hann, þ. e. kr. 501.308.

Prautavarakrafa stefnda er studd þeim rökum, að með útgáfu síðari víxilsins hafi ábekingar og útgefandi fallist á að bera ábyrgð á 1 milljón króna af yfirdráttarláni Fjöliðjunnar h/f hjá útibúi Landsbankans á Ísafirði. Ábekingarnir hafi hins vegar aldrei fallist á að bera hærri fjárhæð. Tjón bankans vegna afsagnarmistakanna hafi því einungis numið fjárhæð síðari víxilsins að viðbættum kostnaði, eða kr. 1.002.580.

IV.

Einar B. Ingvarsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann muni ekki, „hvort víxlarnir, annar eða báðir, hafi borið útgáfudag, þegar þeir hafi verið afhentir bankanum. Þá segir mætti, að ósk um víxiltryggingar þessar hafi komið frá bankanum, og kveðst mætti halda, að hann hafi sjálfur sett fram þá ósk, og þá ábyggilega við Ingvar S. Ingvarsson hjá Fjöliðjunni. Nánar aðspurður um tildrög þess, að síðari víxillinn var útgefinn, ábakinn og afhentur bankanum, kveðst mætti halda, að engin orðaskipti hafi verið af hálfu bankans við Fjöliðjuna um það, hvort síðari víxillinn ætti að vera viðbót við þann fyrri eða koma í stað hans nema það, að mætti hafi átt tal við Ingvar S. Ingvarsson og hafi hann virst vera sama sinnis og mætti um það, að síðari víxillinn skyldi vera viðbót við þann fyrri. Mætti tekur þó fram til nánari skýringar, að það hafi verið skýrt í sínum huga, þá þegar ósk var sett fram um viðbótartrygginguna, að sá víxill, að fjárhæð kr. 1.000.000.00, ætti að vera viðbót við þann fyrri, og telur mætti áreiðanlegt, að hann hafi átt tal við Ingvar um þetta og að Ingvari hafi verið þetta ljóst. Síðar, er hluthafar hafi átt tal við mætta út af þessu, kveðst mætti aftur hafa haft samband við Ingvar og hafi þá Ingvar virst vera sammála mætta um það, að síðari víxillinn hefði átt að vera viðbót við þann fyrri“.

Einar B. Ingvarsson gaf aftur skýrslu fyrir dómi, og var þá fært til bókar:

„Mætta eru nú enn sýndir víxlar þeir, sem málið snýst um, og segir mætti nú, að athuguðu máli, að hann hafi sett inn útgáfudag víxlanna. Í þessu sambandi gefur mætti þá skýringu, að ekki hafi verið óalgengt að bankinn tæki tryggingarvíxla, sem ekki báru útgáfudag. Telur og mætti, að þegar tryggingarvíxlar séu þannig afhentir bankanum, hafi bankinn heimild til þess að setja inn útgáfudag síðar. Kveðst mætti hafa rætt um þetta mál við þáverandi bæjarfógeta á Ísafirði og lögfræðing í Reykjavík og hafi þeir báðir verið sömu skoðunar. Að því er víxla þá varðar, sem mál þetta snýst um, segir því mætti, að í samræmi við ofanritað, að hann hafi ekki leitað samþykkis útgefanda, samþykkjenda og ábekinga til þess að setja útgáfudag á víxlana. Mætti vill taka fram, að víxlarnir séu að vísu dagsettir með útgáfudag rétt áður en mætti hafi hætt störfum hjá Landsbankanum á Ísafirði, en mætti tekur þó fram, að ástæðan til þess, að hann setti útgáfudag á víxlana, hafi verið sú, að Fjöliðjan h.f. á Ísafirði hafi verið hætt starfsemi á þessum tíma og gjaldþrot blasað við og því hafi mætti viljað grípa til ábyrgðanna“.

Hans W. Haraldsson, sem var starfsmaður Fjöliðjunnar h/f og hafði prókúruumboð fyrir fyrirtækið og samþykkti báða víxlana, skýrir svo frá, að fyrri víxillinn hafi legið í Landsbankanum á Ísafirði, þegar hann byrjaði störf hjá Fjöliðjunni, og þar kveðst hann hafa samþykkt víxilinn. Víxillinn hafi þá ekki verið með útgáfudegi, en meginmálið að öðru leyti útfyllt. Hann segir, að útibússtjórinn, Einar B. Ingvarsson, hafi farið fram á það við sig og Ingvar S. Ingvarsson, að ábyrgðir yrðu hækkaðar úr hálfri milljón í eina milljón, þar sem yfirdráttur Fjöliðjunnar hefði stóraukist. Hann minnir, að Einar B. Ingvarsson hafi sjálfur vélritað meginmál síðari víxilsins. Kveðst hann ekki hafa gert athugasemdir við það, að útgáfudagur var ekki settur á víxilinn, enda hafi hann talið, að úr því að bankastjóri útbjó víxilinn, þá þyrfti hann ekki að betrumbæta víxilinn. Hann kveðst ekki hafa gert kröfu til þess að fá fyrri víxilinn til baka, þegar hann samþykkti síðari víxilinn, enda hafi öll nöfn þá ekki verið komin á síðari víxilinn. Kveðst hann því hafa hugsað á þá leið, að best væri, að fyrri víxillinn væri í bankanum, þar til hinn væri útfylltur eins og til stóð. Ekki kveðst hann síðar hafa gert kröfu til þess að fá síðari víxilinn til baka, enda hafi hann hætt störfum hjá Fjöliðjunni h/f, skömmu eftir að hann samþykkti síðari víx-

ilinn, og auk þess hafi hann verið orðinn laus við fyrirtækið síðustu mánuðina, þótt hann hefði haft prókúruumboð að formi til.

Skúli Steinsson skýrir svo frá, að á árinu 1965 eða 1966 hafi ábekingar vixilsins „verið staddir á fundi hjá Fjöliðjunni h.f., Ísafirði og hafi þá Ingvar S. Ingvarsson farið fram á það við ábekingana, að framangreindur víxill yrði hækkaður úr kr. 500.000.00 í kr. 1 milljón.

Mætti kveðst ekkert hafa séð óeðlilegt við það, enda hafi umsetning Fjöliðjunnar h.f. aukist. Hins vegar kveðst mætti vera alveg viss um það, að síðari víxillinn hafi átt að vera hækkun á fyrri víxlinum, en ekki viðbót við hann, enda segir mætti, að málið hafi verið lagt þannig fyrir ábekinga. . . . Varðandi útgáfu síðari vixilsins skýrir mætti nánar svo frá, að hann og Jón F. Einarsson hafi gert athugasemd við Ingvar um það, hvort ekki væri unnt að hafa síðari víxilinn að fjárhæð kr. 500.000.00 og láta þá fyrri víxilinn standa áfram í bankanum. Hafi þá Ingvar S. Ingvarsson tjáð sér og Jóni, að það væri ósk bankastjórans, Einarssonar, að síðari víxillinn yrði að fjárhæð kr. 1 milljón, en fyrri víxlinum yrði skilað. Kveðst þá mætti hafa látið til leiðast að rita á síðari víxilinn, enda hafi hann þá verið laus við alla tortryggni“.

Páll Guðfinnsson hefur skýrt svo frá, að síðari „víxillinn hafi verið sendur til sín í pósti, og kveðst mætti hafa tekið eftir því, að víxillinn var að fjárhæð kr. 1 milljón í stað 500.000.00, sem Ingvar hafi áður talað um. Kveðst mætti hafa gert við þetta athugasemd og hringt í Ingvar í því sambandi, en Ingvar hafi þá tjáð sér, að fyrri víxillinn myndi ganga til baka og verða ónýttur“.

Marsellíus Bernharðsson kveðst hafa sett það skilyrði fyrir áritun sinni á síðari víxilinn, að gamli víxillinn yrði eyðilagður. Hafi Ingvar þá tjáð sér, að það yrði örugglega gert. Kveðst hann þá hafa áritað víxilinn.

Ingvar S. Ingvarsson hefur skýrt svo frá, „að Hans Haraldsson hafi samþykkt víxlana fyrir Fjöliðjuna h.f., og kveðst mætti gera ráð fyrir, að nefndur Hans hafi útbúið víxlana. Kveðst þó mætti gera ráð fyrir því, að nefndur Hans hafi átt skipti við bankann út af víxlum þessum, en sjálfur kveðst mætti ekki hafa gert það. . . . Segir mætti, að af sérstökum ástæðum hafi rekstrarfjárbörf Fjöliðjunnar h.f. verið stórauðin á þessum tíma og hafi Hans Haraldssyni verið falið að vinna að aukningu rekstrarlána félagsins hjá viðskiptabanka þess. Mætti segir, að það sé augljóst, að slíkt hafi tekið töluverðan tíma, en mætti álítur þó, að síðari

víxillinn sé tilkominn í sambandi við þetta. Mætti kveður, að hann treysti sér ekki til að svara neinu ákveðnu um það, hvort síðari víxillinn hafi átt að vera hækkun á hinum fyrri eða viðbót við hann“.

Sigurlaug M. Jónsdóttir, formaður stjórnar Fjöliðjunnar h/f, sem var útgefandi á víxlunum, segir, að Hans W. Haraldssyni hafi verið falið að ganga frá tryggingarvíxlunum við bankann. Hana minnir, að annar víxillinn hafi átt að koma í staðinn fyrir hinn.

Í vottorði frá Búnaðarbanka Íslands, sem er dagsett 4. febrúar 1971, segir m. a. svo:

„Eigin víxlar:

Meginregla hér í bankanum er sú, að tryggingarvíxlar séu útfylltir að fullu með útgáfudegi, gjalddaga, fjárhæð og undirritaðir af útgefanda. Þeir eru vanalega gefnir út til 6 mánaða eða eins árs, aldrei lengur.

Þó kemur það fyrir í undantekningartilfellum að útgáfudagur og gjalddagi er ekki skráður á víxileyðublaðið og þá látnir gilda lengur en eitt ár, en þetta er aldrei gert nema í samráði við viðkomandi skuldara og að beiðni hans.

Víxlar á hendur öðrum:

Þessir víxlar eru undantekningarlaust dagsettir við útgáfu og falla í gjalddaga eftir atvikum í síðasta lagi eftir eitt ár frá útgáfudegi og eru þá afsagðir samkv. víxillögum, séu þeir eigi framlengdir á réttum tíma“.

Í vottorði Útvegsbanka Íslands, sem er dagsett 4. febr. 1971, segir m. a. svo:

„Aðalreglan er sú, að víxlar þeir, sem um getur í bréfi yðar, eru útfylltir samkvæmt víxillögum. Fyrir kemur þó, að bankanum eru afhent samþykkt, útgefin og ábakin víxileyðublöð, en að öðru leyti óútfyllt. Í slíkum tilvikum höfum vér talið oss heimilt að útfylla slík eyðublöð síðar, ef þörf krefur, svo að formkröfum víxillaga sé fullnægt. Hefur þá komið fyrir, að slík eyðublöð hafa legið í vörslum bankans all lengi, jafnvel árum saman, án þess að víxilskuldarar fái nokkrar áminningar um slík eyðublöð. — Vér viljum loks ítreka, að aðalreglan er sú, sem lýst er í upphafi bréfs þessa, og eru slíkir víxlar endurnýjaðir reglulega, a. m. k. árlega“.

V.

Við munnlegan flutning málsins var á það bent af hálfu stefnda, án þess að krafa kæmi fram um frávísun, að ástæða kynni að

vera til að vísa máli þessu frá dómi ex officio á grundvelli 2. mgr. 34. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, þar sem segi, að í héraði verði héraðsdómari einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverka í sambandi við opinbert mál eða eftir að refsisdómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli. Það, sem vafa valdi um frávísun í þessu tilviki, sé, hvort afsögn teljist „dómaraverk“ í merkingu 34. gr. einkamálalaganna. Hæstiréttur hafi beitt 34. gr. um þinglýsingardómara og uppboðshaldara. Í eðli sínu séu afsagnir og aðrar notarialgerðir ekki fjær því að vera dómsathafnir en gerðir þinglýsingardómara. Notarialgerðir séu nær eingöngu framkvæmdar af héraðsdómurum og séu þau undantekningarákvæði, sem heimili öðrum að framkvæma notarialgerðir síst viðtækari en hliðstæð ákvæði um uppboðshaldara eða fógeta. Vel kæmi því til greina að beita 34. gr., 2. mgr., með lögjöfnun um notarialgerðir, sem héraðsdómari framkvæmir, enda virðast þau efnisrök, sem liggja að baki 2. mgr. 34. gr. laganna, leiða til þess, að héraðsdómari sé engu frekar bær um að fjalla um mistök hliðsetts dómara við notarialgerðir en mistök hans við eiginleg dómstörf sín. Einnig hefur stefndi bent á, að 2. mgr. 33. gr. einkamálalaganna gefi til kynna, að notarialgerðir séu héraðsdómarastörf og því dómaraverk.

Af hálfu stefnanda er því eindregið andmælt, að vísa eigi máli þessu frá ex officio, enda séu notarialgerðir ekki dómsathafnir og því ekki dómaraverk. Hefur stefnandi m. a. vísað til 88. gr. víxillaga, 2. mgr. 33. gr. einkamálalaga, þinglýsingarlaga nr. 30/1928 og til opins bréfs um testamenti og notarialgerðir frá 8. janúar 1823 svo og til þess, að meiri hluti Hæstaréttar hafi í dómi sínum 7. júní 1973 talað um „réttarathafnir“, en ekki „dómsathafnir“.

VI.

Afsagnargerðir eru notarialgerðir og því ekki eiginleg dómstörf. Ákvæði almennt um notarialgerðir er að finna í opnu bréfi frá 8. janúar 1823. Frá því að þetta opna bréf var lögtekið, hefur löggjafinn ekki sett nýjar reglur almennt um notarialgerðir. Í 2. mgr. 33. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936 segir hins vegar, að löggiltur fulltrúi héraðsdómara geti, „auk notarialgerða, framkvæmt á ábyrgð héraðsdómara“ uppskriftir í sambandi við skipti búa, fógetaogerðir og uppboðsgerðir. Nærri liggur að líta svo á, að lagaákvæði þetta gangi út frá því, að eitt af störfum héraðs-

dómara sé að annast notarialgerðir, sem kunna þá að vera dóm-
araverk í skilningi 34. gr. einkamálalaganna. Óþarft þykir þó að
taka af skarið um formsatriði þetta, þar sem frávísunar hefur ekki
verið krafist og með hliðsjón af því, að efnisúrlausn sú, sem
tekin verður til meðferðar í næsta kafla hér á eftir, er með þeim
hætti, að ekki þarf að meta mistök þau, sem urðu við afsagnar-
gerðir þær, sem málið fjallar um.

VII.

Hinn 30. september 1962 var á hluthafafundi í Fjöliðjunni h/f, Ísafirði, m. a. bókað: „Að hluthafar gangi í íbyrgð fyrir félagið fyrir kr. 500.000.00 rekstrarláni við Landsbanka Íslands, Ísafirði. Ábyrgðin er solidarísk gagnvart bankanum, en ef einhvern tíma kann að koma til greiðslu hennar, skuldbinda hluthafar sig til að skipta greiðslu hennar milli sín í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu“. Þrátt fyrir þessa bókun í gerðabók félagsins hefur stefnandi ekki sannað nægjanlega, að hluthafar þeir, sem árituðu margnefnda víxla, hafi gagnvart stefnanda gengist undir aðra ábyrgð en sem víxilskuldarar. Víxilplögginn voru bæði án útgáfudags, þegar þau voru afhent stefnanda, en gert var ráð fyrir, að víxilplögg þessi yrðu fullgilt sem sýningarvixlar. Fullgildir sýningarvixlar urðu plögg þessi hins vegar ekki, fyrr en skráður hafði verið útgáfudagur á skjölin. Þeir, sem rituðu nöfn sín á skjölin, bjuggu víðs vegar um landið. Var því ekki óeðlilegt að eyða væri sett fyrir útgáfudegi á skjölunum. Var stefnanda því rétt við móttöku skjalanna að skrásetja útgáfudag á víxlana og fullgilda þar með skjölin sem víxla, en það var það ábyrgðarform, sem aðiljar voru sammála um að fullgilda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi hins vegar ekki sannað nægjanlega, að hann hafi haft heimild til þess að fullgilda víxilplögg þessi með því löngu síðar að skrásetja útgáfudaga á skjölin án samþykkis útgefanda og ábekinga. Verður því að líta svo á þrátt fyrir málflutning aðilja, að víxilábyrgðirnar hafi verið fallnar niður fyrir aðgerðarleysi stefnanda, löngu áður en til afsagnar víxlanna kom. Hefur stefnandi því ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna mistaka við afsagnargerðirnar. Leiðir þetta til þess, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í málinu, og eru þá ekki efni til að taka afstöðu til annarra varnarástæðna stefnda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Landsbanka Íslands, útibúsins á Ísafirði, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. júní 1976.

Nr. 171/1974. **Haraldur Böðvarsson & Co h/f**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Huldari Ágústssyni

(Jón Þorsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Skiprúmssamningur. Uppsögn. Vélstjóri.

Dómur Hæstaréttar.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Guðjónssyni skipstjóra og Pálma Sveinssyni skipstjóra.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hans hendi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar í 62.181 krónu og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti andmælir áfrýjandi ekki sérstaklega kröfu stefnda til orlofsfjár.